

Karl Jaspers. Skoðun greinar hans um heimspekina í heiminum

Karl Theodor Jaspers (1883-1969) var svissnesk-þýskur geðlæknir og heimspekingur, sem hafi töluverð áhrif á guðfræði og heimspeki – einkum tilvistarspeki (existentialism).

Jaspers, K. Heimspekin í heiminum. Róbert Jack og Ármann Halldórsson (ritstj.) *Hvað er heimspeki*: Tíu greinar frá tuttugustu öld. HÍ, Rvk. 2001, s. 85-

Inngangur Þýðanda, Geirs Sigurðssonar: „Í grófum dráttum má skipta heimspeki Jaspers í tvo hluta og tenja þá þeim tveimur hugsuðum er höfðu mest áhrif á hann, Friedrich Nietzsche og Sören Kierkegaard.“

„...þá trú að heimspekin geti verkað læknanði, þ.e. að hún sé fær um að afhjúpa þá bæingu og blekking sem við grípum oft ómeðvitað til í því skyndi að komast undan því að horfast í augu við óþægilegar staðreyndir.....er heimspeki Jaspers jafnan ögrandi, upplýsingarheimspeki.....

Ástundun heimspeki var í augum Jaspers fyrst og fremst leit.“ (s. 83)

„...að geta ráðið dulmál hins yfirskilvitlega, sem kemur manningum í kyunni við eigið bjargræði en í sömu mund í kynni við eigið skipbrot.....kallar á bein og milliliðalaus samskipti mannsins við hið yfirskilvitlega, sem aðeins geta komist á eftir ákveðna þíslargöngu, þ.e. eftir að maðurinn hefur öðlast þungbæra reynslu af ósveigjanlegri tilverunni sem engum bænum svarar. Ekki er þó augljóst hvað Jaspers á við þegar hann talar um hið yfirskilvitlega, enda firrti hann það öllum trúarlegum þáttum.....skilgreindur sem tilvistarheimspekingur.....Trúarleg tilvísun hans þótt óljós sé greinir hann þó frá heimspekingum á borð við Jean-Paul Sartre og Martin Heidegger.“ (s.84)

Greinin: „Lífshvöt sem sér ekki í gegnum sjálfa sig hatar heimspekina. Hún er hættuleg. Ef ég skildi hana þyrfti ég að breyta lífi mínu.“ (s. 86)

„mörgum stjórnálamanninum er svívirðileg iðja auðveldari (s. 86) þegar heimspekin er ekki til staðar. Það er auðveldara að hafa taumhald á bæði hjörð og embættismönnum eftir þeir hugsa ekki, heldur búa einungis yfir greind sem hefur verið alin upp í þeim.“ (s. 87)

„Heimspekin vill allan sannleikann, en heimurinn ekki. Heimspekin er friðarspillir.....Heimspekin gengur úr skugga um sannleikann með því að grípa víðs vegar niður íheildinni og gera þannig ráð fyrir margræðni hans. Hún leitar, en ekki að merkingu og inntaki hins eins sannleika. Því fyrir okkur er sannleikurinn ekki óhreyfanleg staðvera, heldur óstöðvandi, óendaleg hreyfing.“ (s. 87)

„Aðeins fyrir milligöngu sannleika verðum við frjáls og einungis frelsið gerir okkur skilyrðislaust reiðubúin fyrir sannleika.

En er sannleikur hinsti tilgangur mannsins í heiminum.....trúum því, vegna þess að það að vera sannur á þann hátt að vera opin á fordóma og tynast ekki í einberum skoðunum rennur saman við kærleika.“ (s. 88)

„Við búum aldrei yfir þessum heildarsannleika. Farið er á mis við hann ef ég rembist við staðhæfingar sem eiga að gera þekkingu mína algilda.“ (s. 88)

„Það að játast tilverunnier að taka hina miklu og fögru áhættu, því aðeins með slíkri ákvörðun verða sannleikur, kærleikur og skynsemi aða veruleika.

Afneitun tilverunnar í formi sjálfsmorðs er veruleiki þeirra sem búa yfir leyndarmáli sem við eigum ekkert svar við. Við megum ekki gleyma þessum mörkum.“ (s. 89)

„Krafann til mannsins sem manns, sem svo oft hefur verið hulin og óskýr, v errið ýtt til hliðar og vanrækt, krefst áheyrnar. Ákvörðunin hvílir á sérhverjum einstaklingi.“ (s. 90)

„.....óvinur sjálfstæðrar heimspekiástundunnar og þar með mannlegs frelsis er það sem talið er vera lýðræðisleg hugsun.Þvert á móti gildir: Það sem er fátítt ennþá getur náð útbreiðslu.“ (s. 90)

„Leiðina til fjöldans, inn í háværa ringulreið almenningsgeirans, getur frelsi sannleikans ekki sniðgengið. Hinn kosturinn er alræði yfir fjöldanum, ritskoðun, sama uppeldi fyrir alla. Mennirnir verða þá að leir í höndum ægivalda.

Í óvissunni er aðeins eitt sem gildir: Að trúa á möguleika mannsins til frelsis og þá með hliðsjón af hinu yfirskilvitlega, en án þess heldur sú trú ekki velli, sé hún á annað borð einlæg.“ (s. 91)

„....., því sannur maður er meðvitaður jafnt um eigið sálfræði sem eign vanmátt;.....“ (s. 91)

„Hver og einn er samábyrgður fyrir breytni sinni og lífsmáta.“ (s. 92)

„Raunverulega er lýðræðið gjörspillt, en er þó áfram eina mögulega frelsisleiðin. Enn vafasamara er það hjá þjóðum sem það á ekki sögulegan uppruna að rekja til.“ (s. 91)